

Frá Póllandi er gert ráð fyrir, að Íslendingar kaupi:

75 000 smál. af kolum,
 1 500 smál. af sykri,
 2 100 smál. af rúgi og rúgmjöli,
 600 smál. af jární,
 150 smál. af nöglum,
 150 smál. af sinkhvítu og blýmenju

40

2. maí

og enn fremur aðrar vörur (hrelnætistæki, vefnaðarvöru, rúðugler o. fl.) fyrir um 136 000 sterlingspund.

Sama dag var undirritaður greiðslusamningur milli Íslands og Póllands, og eru ákvæðin um gildistíma hans eins og í viðskiptasamningnum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 2. maí 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING

um viðskiptasamning milli Íslands og Vestur-Þýzkalands.

41

9. maí

Hinn 15. marz 1950 fór fram bráðabirgðaundirskrift undir viðskiptasamning milli Íslands og sambandslýðveldisins Vestur-Þýzkalands. Gildistími hans er til 31. desember 1950.

Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir útflutningi á fiski frá Íslandi til Vestur-Þýzkalands fyrir 2.5 millj. dollara, og enn fremur síldarlýsi, síldarmjöli, gærum o. fl.

Íslendingar munu kaupa frá Vestur-Þýzkalandi vörur fyrir 2.5 millj. dollara, einkum fiskinet, vörur úr spunaefnum, járn og stál (valsað og stept), raftækja-útbúnað, vélar, járn-, stál-, blý- og aðrar málmvörur, efnavörur og vörur skyldar þeim (linoleum o. fl.), áburð, sement, gler-, leir og postulínsvörur o. fl.

Samningurinn gengur endanlega í gildi við fulla undirskrift og með fullgildingu verzlunar- og siglingasamnings milli Íslands og sambandslýðveldisins Vestur-Þýzkalands.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 9. maí 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.